



## Umhverfisstefna Orkusölnnar

Hlutverk Orkusölnnar er að framleiða, kaupa og selja rafmagn til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana um land allt. Orkusalan leggur áherslu á að skapa nýja möguleika í framleiðslu og sölu á endurnýjanlegri orku.

Orkusalan hefur það að leiðarljósi að koma í veg fyrir mengun og vernda umhverfið og lífríkið við rekstur fyrirtækisins. Orkusalan fylgir lögum og reglugerðum í umhverfismálum og gengur lengra þegar það á við. Orkusalan hefur innleitt umhverfisstjórnun og skuldbundið sig til að vinna að stöðugum umbótum í umhverfismálum.

Orkusalan leggur áherslu á að:

- Bjóða öllum viðskiptavinum upp á 100% endurnýjanlega orku.
- Framleiða og nýta raforku á hagkvæman og skynsamlegan hátt.
- Nýta vel auðlindir í rekstri fyrirtækisins.
- Setja sér markmið í umhverfismálum, fylgjast með árangrinum og miðla upplýsingum til starfsmanna og viðskiptavina.
- Lágmarka úrgang og hámarka endurvinnslu.
- Allir starfsmenn fái fræðslu og þjálfun í umhverfismálum og séu meðvitaður um að fylgja skuli umhverfisstefnu Orkusölnnar.
- Verktakar á vegum fyrirtækisins fá fræðslu og þjálfun til að tryggja að þeir fylgi umhverfisstefnu Orkusölnnar.
- Kolefnisjafna eigin rekstur og framleiðslu á ári hverju.
- Sinna umhverfisrannsóknum sem varða virkjanir.
- Kaupa vörur sem eru umhverfisvænar fram yfir aðrar þegar það á við og skipta við birgja sem starfa samkvæmt stefnu í umhverfismálum.